

Sorphirða, fráveita og rotþrær

Sveitarfélögin veita mikilvæga þjónustu er varðar sorphirðu, fráveitu og rotþrær. Þjónusta sveitarfélaganna við almenna sorphirðu og losun rotþróa er sú sama, en í Húnavatnshreppi er rúlluplasti safnað oftar yfir árið. Þar er einnig í boði að fá gám í sólarhring vegna tiltektar einu sinni á ári. Það er nokkuð ljóst eftir yfirferð á málaflokknum að frekar einfalt á að vera að samræma þjónustu og gjaldskrár sveitarfélaganna ef til sameiningar kemur.

Sveitarfélögin eru öll með þjónustusamning við Gámaþjónustuna og er framkvæmd þjónustunnar með eftirfarandi hætti:

			
Húnavatnshreppur Þrjú gámasvæði; Aralækur, Húnaver og Dalsmynni. Sorp er tekið alls um 19 sinnum á ári. Á tveggja vikna fresti yfir sumarmánuðina en þriggja vikna fresti yfir veturinn. Sorp er flokkað, tvær sorptunnur eða soprker (600 lítra) er við hvert heimili. Útvegar gám við tilekt í 24 klst íbúum að kosnaðarlausu. Rúlluplasti er safnað fimm sinnum á ári. Rotþrær eru við öll heimili, eru tæmdar á 3ja til 4ja ára fresti.	Blönduósbær Gáma- og flokkunarstöð. Sorp er tekið á þriggja vikna fresti. Tvær sorptunnur eru við hvert heimili, fyrir almennan heimilisúrgang og pappír. Rúlluplasti er safnað tvisvar sinnum á ári. Rotþrær eru við öll heimili í dreifbýli, eru tæmdar á 3ja til 4ja ára fresti. Fráveita er með eins þrepa hreinsun á 90% af öllu skólpi frá þéttbýli á Blönduósi.	Sveitarfélagið Skagaströnd Endurvinnslustöð í samstarfi við Gámaþjónustuna. Sorp er tekið á þriggja vikna fresti. Tvær sorptunnur við flest heimili, fyrir almennan heimilisúrgang og endurvinnslutunna.	Skagabyggð Sorp er tekið alls um 19 sinnum á ári. Á tveggja vikna fresti yfir sumarmánuðina og á þriggja vikna fresti yfir veturinn. Sorp er flokkað í sveitarfélaginu, tvær sorptunnur eða sorpker (600 lítra) er við hvert heimili. Sorptunna er fyrir endurvinnslu. Rúlluplasti er safnað tvisvar sinnum á ári. Rotþrær eru við öll heimili, eru tæmdar á 3ja ára fresti.

Gjaldskrár sveitarfélaganna fyrir sorphirðu og fráveitu er að finna hér:

<https://www.huni.is/files/410/20180321110132250e2cd625100888b5f61b0af2d86d1d.pdf>